



Alþýðusamband Íslands

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/1408*  
*komudagur 4.4.2014*

Nefndasvið Alþingis  
við Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 04.01.2014  
Tilvísun: 201401-00-31

**Efni: Umsögn ASÍ um frumvarp til laga um heimild til staðfestingar á fjárfestingarsamningi við Algalíf Iceland ehf.**

Til umsagnar er frumvarp sem felur í sér heimildir ráðherra til staðfestingar á fjárfestingarsamningi ríkisins við Algalíf Iceland ehf. Þær ívilnanir sem birtast í fjárfestingasamningnum byggja á lögum nr. 99/2010 um ívilnanir vegna nýfjárfestinga en í þeim lögum var ráðherra veitt heimild til samninga sem fælu í sér ívilnanir í formi lægri skatta og opinberra gjalda með það að markmiði að örva fjárfestingu og efla samkeppnishæfni.

ASÍ leggur áherslu á mikilvægi nýfjárfestingar í hagkerfinu og geta ívilnanir gegnt mikilvægu hlutverki í því samhengi. Meðal gagnrýni á fyrrnefnd lög var að þau gengju ekki nægilega langt og hefðu þannig lítil áhrif á fjárfestingarákvörðun fyrirtækja. Á þeim forsendum var gengið lengra í fjárfestingarsamningum vegna iðnaðarsvæðis á Bakka þar sem aðilum bauðst meðal annars undanþága frá almennu tryggingargjaldi en í tilfalli Algalíf býðst félaginu 50% afsláttur á meðan lögin miðuðu við 20% afslátt.

Þótt ASÍ taki undir markmið fjárfestingasamningsins, þá leggst það gegn því að tryggingagjaldið sé almennt notað sem skiptimynt í fjárfestingasamningum og minnir á að hluta gjaldsins er ætlað að renna til starfsendurhæfingarsjóða, fæðingarorlofsjóðs og til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða. Ennfremur kemur ívilnunin til með að hafa áhrif á samkeppnisstöðu fyrirtækja á svæðinu og í svipuðum greinum. Af þeim sökum má velta vöngum yfir því hvers vegna ekki er reynt að ganga lengra með afslætti eða frestun á tekjuskatti, sérstaklega í ljósi langs gildistíma fjárfestingarsamningsins.

Virðingarfyllst,  
Róbert Farestveit  
Hagfræðingur hjá ASÍ



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/1332*  
*komudagur 28.3.2014*

Sauðárkróki 28. mars 2014

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggingarstofnunar um frumvarp til laga um smáþörungaverksmiðju Algalífs Iceland ehf. á Reykjanesi (ívilnanir frá sköttum og gjöldum o.fl.), mál 375.

Byggingarstofnun telur að uppbygging smáþörungaverksmiðju sé verðugt verkefni sem geti haft jákvæð áhrif á byggðaðpróun á svæði sem hefur glímt við umtalsvert atvinnuleysi. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum er stefnt því að byggja upp iðnfyrirtæki sem er ekki sérlega orkufrekt, ekki sérlega stórt í sniðum og getur stuðlað að myndun sérhæfðra starfa einkum á sviði líftækni.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

---

Guðmundur Guðmundsson  
Sérfræðingur á þróunarsviði  
Byggingarstofnunar.

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 143/1409*  
*komudagur 4.4.2014*



Alþingi  
Kirkjustræti  
150 REYKJAVÍK

Reykjanesbæ, 4. apríl 2014  
Tilvísun: 2014030513/00.01

**Efni: Frumvarp til laga um smápörungaverksmiðju Algalífs Iceland ehf. á Reykjanesi, 375. mál**

Á fundi bæjarráðs Reykjanesbæjar 3. apríl 2014 var til afgreiðslu erindi Atvinnuveganefndar Alþingis dags. 28. mars s.l. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um heimild til að staðfesta fjárfestingarsamning við Algalíf Iceland ehf. um smápörungaverksmiðju á Reykjanesi, 375. mál.

Eftirfarandi var fært til bókar:

**Bæjarráð lýsir yfir stuðningi við frumvarpið.**

Ofangreint tilkynnist hér með

f.h. Reykjanesbæjar

Elísabet Magnúsdóttir  
Ritari bæjarstjóra



Alþingi, nefndarsvið  
Kirkjustræti  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 31. mars 2014  
R2014030042/12.8.4

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um heimild til að staðfesta fjárfestingarsamning við Algalíf Iceland ehf. um smápörungaverksmiðju á Reykjanesi - 375. mál.**


Ríkisskattstjóri vísar til tölvupósts sem barst þann 28. mars 2014 þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint frumvarp.

Með frumvarpinu er lagt til að ríkisstjórn Íslands verði veitt heimild til að staðfesta fjárfestingarsamning við Algalíf Iceland ehf. smápörungaverksmiðju á Reykjanesi. Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að lögfest verði all nokkur frávík frá íslenskum skattlagningarreglum sem gilda eiga um skattlagningu Algalífs Iceland ehf. Meðal annars er lagt til að tekjuskattshlutfall verði 18% og þá skal almennt tryggingagjald vera 50% lægra en almennt gildir. Úrræði þessi eru þó tímabundin og er það framför frá eldri samningum, þar sem ívilnanir standa áratugum saman, þrátt fyrir að lögum hafi verið breytt í aðra veru.

Af framangreindu tilefni vill ríkisskattstjóri benda á að ákvörðun um gerð fjárfestingarsamninga og lagasetningar af því tilefni markast af stefnu ríkisstjórnar hverju sinni og tekur ríkisskattstjóri ekki afstöðu umfram það sem snýr að framkvæmd laganna.

Vert er í þessu sambandi að vekja athygli á því að öll frávík eins og þau sem frumvarpið mælir fyrir um hafa í för með sér að véltæk vinnsla og yfirferð á skattframtali viðkomandi skattaðila er ómöguleg. Þá mun félaginu ekki vera kleift að skila tryggingagjaldi af launum rafrænt. Yfirferð og álagning á viðkomandi skattaðila og aðra sem svipað háttar til um verður því að vinna handvirkt með tilheyrandi kostnaði. Ríkisskattstjóri telur þetta skjóta skökku við þegar áhersla er lögð á að samræmda yfirferð framtala og hagkvæmni í rekstri. Af frumvarpinu verður ekki ráðið að tekið sé tillit til þess aukakostnaðar sem til fellur og fer ríkisskattstjóri fram á að tekið verði sérstakt tillit til þessa kostnaðarauka.

Virðingarfyllt  
f. h. ríkisskattstjóra



Ingvar J Rögnvaldsson



Guðrún J. Jónsdóttir



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK.

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/1387**  
**komudagur 3.4.2014**

Reykjavík, 2. apríl 2014.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um heimild til að staðfesta fjárfestingarsamning við Algalíf Iceland ehf. um smápörungaverksmiðju á Reykjanesi, 375. mál.**

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað umsagnar Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp. Með því er lagt til að ríkisstjórn Íslands verði veitt heimild til að staðfesta fjárfestingarsamning við Algalíf Iceland ehf. smápörungaverksmiðju á Reykjanesi.

Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að lögfest verði allnokkur frávik frá íslenskum skattlagningarreglum sem gilda eiga um skattlagningu Algalífs Iceland ehf. Meðal annars er lagt til að tekjuskattshlutfall verði 18%, almennt tryggingagjald skal vera 50% lægra en almennt gildir og félagið verður undanþegið markaðsgjaldi. Frávikin eru þó tímabundin.

Þrátt fyrir að landsframleiðslutölur síðustu ára staðfesti að fjárfesting sé farin að taka við sér á ný er fjárfestingastigið enn lágt og töluvert undir langtímameðaltali. Uppbygging smápörungaverksmiðju er verðugt verkefni sem byggir á erlendri fjárfestingu. Þó svo að verkefnið sé hvorki orkufrekt né stórt í sniðum þá hefur það mikla möguleika á að vaxa og getur stuðlað að myndun sérhæfðra starfa einkum á sviði líftækni auk afleiddra starfa. Það getur því haft jákvæð áhrif á byggðaðróun á svæði sem hefur glímt við umtalsvert atvinnuleysi.

Samtök atvinnulífsins lýsa því stuðningi við samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Halldór Árnason



Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/1398*  
*komudagur 4.4.2014*

Reykjavík, 4. apríl 2014

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um smápörungaverksmiðju Algalífs Iceland ehf. á Reykjanesi (ívilnanir og sköttum og gjöldum o.fl.), 375.mál.**

Samtökin fagna því að verkefni Algalífs Iceland sé að verða að veruleika. Framgangur verkefnisins sýnir að fjárfesting á Íslandi er að taka við sér, en fjárfestingarstig hefur verið lágt. Það eru miklir möguleikar á frekari uppbyggingu í líftækni á Íslandi og fyrirtækið mun styrkja faglegan klasa á því sviði.

Samtökin styðja að ofangreint frumvarp verði að lögum. Samtökin telja þó æskilegt að ekki þurfi að koma til lagasetningar fyrir hvert og eitt verkefni af þessu tagi, heldur verði sett almenn lög sem gildi um ívilnanir vegna nýfjárfestinga. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu var slíkt fyrirkomulag viðhaft um nokkurra ára skeið, á meðan í gildi voru lög nr. 99/2010 um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Bryndís Skúladóttir'.

Bryndís Skúladóttir